Áætlun

um ferðir landpóstanna, 9.—12. ferð 1889 og 1.—4. ferð 1890.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð.
Vestanpóstur.	**A. Milli Reykjavíkur og Hjarðarholts.**	*Reykjavík*	3. okt.	22. okt.	11. nóv.	5. des.	10. jan.	7. febr.	3. marz	24. marz
		Leirvogstunga (Fossá)	3. —	22. —	11. —	5. —	10. —	7. —	3. —	24. —
		Saurbær	4. —	23. —	12. —	6. —	12. —	8. —	5. —	25. —
	1. Frá Reykjavík.	Hestur	5. —	24. —	13. —	7. —	13. —	9. —	6. —	26. —
		Arnarholt	6. —	25. —	14. —	8. —	14. —	10. —	7. —	27. —
		Hjarðarholt	11. okt.	29. okt.	18. nóv.	13. des.	16. jan.	12. febr.	11. marz	2. apríl
		Arnarholt	12. —	30. —	19. —	14. —	17. —	13. —	12. —	3. —
	2. Frá Hjarðarholti.	Hestur	13. —	31. —	20. —	15. —	18. —	14. —	13. —	4. —
		Saurbær (Fossá)	13. —	1. nóv.	21. —	16. —	18. —	14. —	14. —	5. —
		Leirvogstunga	15. —	2. —	22. —	18. —	19. —	15. —	15. —	7. —
	B. Milli Ísafjarðar og Hjarðarholts.	*Ísafjörður* (Vigur)	3. okt.	20. okt.	11. nóv.	5. des.	9. jan.	7. febr.	3. marz	24. marz
		Vatnsfjörður	3. —	20. —	11. —	5. —	9. —	7. —	3. —	24. —
	1. Frá Ísafirði.	*Bær*	4. —	21. —	12. —	6. —	11. —	9. —	5. —	26. —
		Márskelda	5. —	22. —	12. —	7. —	12. —	10. —	6. —	27. —
		Hjarðarholt	11. okt.	27. okt.	18. nóv.	13. des.	16. jan.	12. febr.	11. marz	2. apríl
	2. Frá Hjarðarholti.	Márskelda	12. —	28. —	19. —	14. —	17. —	13. —	12. —	3. —
		Bær	13. —	29. —	20. —	15. —	18. —	14. —	13. —	4. —
		Vatnsfjörður (Vigur)	15. —	31. —	22. —	16. —	20. —	16. —	14. —	6. —
II. Norðanp.	**A. Milli Reykjavíkur og Staðar.**	*Reykjavík*	1. okt.	21. okt.	11. nóv.	3. des.	7. jan.	6. febr.	1. marz	24. marz
		Leirvogstunga (Fossá)	1. —	21. —	11. —	3. —	7. —	6. —	1. —	24. —
		Saurbær	2. —	22. —	12. —	5. —	9. —	7. —	3. —	25. —
	1. Frá Reykjavík.	Hestur	3. —	23. —	13. —	6. —	10. —	8. —	4. —	26. —
		Arnarholt	4. —	24. —	14. —	7. —	11. —	9. —	5. —	27. —

31. dag ágústmán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð.
II. Norðanpóstur.	2. *Frá Stað.*	*Staður*	8. okt.	29. okt.	16. nóv.	10. des.	15. jan.	11. febr.	10. marz	2. apríl
		Arnarholt	10. —	31. —	18. —	12. —	17. —	13. —	11. —	4. —
		Hestur	11. —	1. nóv.	19. —	13. —	18. —	14. —	12. —	5. —
		Saurbær (Fossá)	11. —	1. —	20. —	13. —	18. —	14. —	12. —	5. —
		Leirvogstunga	13. —	3. —	21. —	15. —	20. —	15. —	13. —	6. —
	B. Milli Akureyrar og Staðar. 1. *Frá Akureyri.*	*Akureyri*	1. okt.	21. okt.	8. nóv.	3. des.	7. jan.	1. febr.	1. marz	22. marz
		Möðruvellir	1. —	21. —	8. —	3. —	7. —	2. —	2. —	23. —
		Steinsstaðir (Miklibær)	2. —	22. —	9. —	4. —	8. —	3. —	3. —	24. —
		Víðimýri	3. —	23. —	10. —	5. —	9. —	4. —	4. —	25. —
		Botnastaðir	4. —	24. —	11. —	6. —	10. —	5. —	5. —	26. —
		Reykir	5. —	25. —	12. —	7. —	11. —	6. —	6. —	27. —
		Sveinsstaðir	6. —	26. —	13. —	8. —	12. —	7. —	7. —	28. —
		Lækjamót	6. —	26. —	13. —	8. —	12. —	7. —	7. —	28. —
		Staðarbakki	7. —	27. —	14. —	9. —	13. —	8. —	8. —	29. —
	2. *Frá Stað.*	*Staður*	10. okt.	29. okt.	16. nóv.	12. des.	17. jan.	11. febr.	11. marz	2. apríl
		Staðarbakki	11. —	30. —	17. —	13. —	18. —	12. —	12. —	3. —
		Lækjamót	11. —	30. —	18. —	13. —	18. —	12. —	12. —	3. —
		Sveinsstaðir	12. —	31. —	19. —	14. —	19. —	13. —	13. —	4. —
		Reykir	12. —	31. —	19. —	14. —	19. —	13. —	13. —	4. —
		Botnastaðir	13. —	1. nóv.	20. —	15. —	20. —	14. —	14. —	5. —
		Víðimýri (Miklibær)	13. —	1. —	20. —	15. —	20. —	14. —	14. —	5. —
		Steinsstaðir	14. —	2. —	21. —	16. —	21. —	15. —	15. —	6. —
		Möðruvellir	15. —	3. —	22. —	17. —	22. —	16. —	16. —	7. —
III. Seyðisfj.p.	**A. Milli Akureyrar og Grímsstaða.** 1. *Frá Akureyri.*	*Akureyri**	2. okt.	21. okt.	9. nóv.	5. des.	4. jan.	4. febr.	1. marz	25. marz
		Ljósavatn	3. —	22. —	10. —	6. —	5. —	5. —	2. —	26. —
		Grenjaðarstaður	4. —	23. —	11. —	7. —	6. —	6. —	3. —	27. —
		Reykjahlíð	5. —	24. —	12. —	8. —	7. —	7. —	4. —	28. —
	2. *Frá Grímsstöðum.*	Grímsstaðir	7. okt.	26. okt.	16. nóv.	10. des.	9. jan.	11. febr.	8. marz	2. apríl
		Reykjahlíð	8. —	27. —	17. —	11. —	10. —	12. —	9. —	3. —
		Grenjaðarstaður	9. —	28. —	18. —	12. —	11. —	13. —	10. —	4. —
		Ljósavatn	10. —	29. —	19. —	13. —	12. —	14. —	11. —	5. —

*) Þegar nauðsyn virðist til bera, skal póstafgreiðslumanninum á Akureyri heimilt að senda sjerstaklega til Grenjaðarstaðar með sunnanbrjefin þegar eptir komu Reykjavíkurpóstsins á Akureyri.

Póstleiðir.	Póststöðvar.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.	4. ferð.
B. Milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða.	*Seyðisfjörður*	1. okt.	21. okt.	9. nóv.	2. des.	4. jan.	3. febr.	3. marz	25. marz
	Höfði	1. —	22. —	10. —	2. —	5. —	3. —	3. —	26. —
1. Frá Seyðisfirði.	Skjöldólfsstaðir	2. —	23. —	11. —	4. —	7. —	5. —	5. —	28. —
	Grímsstaðir	7. okt.	26. okt.	16. nóv.	10. des.	13. jan.	9. febr.	9. marz	1. apríl
2. Frá Grímsstöðum.	Skjöldólfsstaðir	8. —	28. —	17. —	11. —	14. —	10. —	10. —	2. —
	Höfði	10. —	30. —	19. —	12. —	16. —	12. —	12. —	4. —
A. Milli Reykjavíkur og Breiðabólsstaðar	*Reykjavík*	20. sept.	12. okt.	1. nóv.	25. nóv.	28. des.	20. jan.	14. febr.	17. marz
	Kotströnd	20. —	12. —	1. —	25. —	28. —	20. —	14. —	17. —
1. Frá Reykjavík.	*Hraungerði*	21. —	13. —	2. —	26. —	29. —	21. —	15. —	18. —
	Ás	22. —	14. —	3. —	27. —	30. —	22. —	16. —	19. —
	Oddi	25. sept.	17. okt.	6. nóv.	29. nóv.	3. jan.	25. jan.	19. febr.	21. marz
	Ás	25. —	17. —	6. —	29. —	4. —	25. —	19. —	21. —
2. Frá Odda.	*Hraungerði*	26. —	18. —	7. —	30. —	5. —	26. —	20. —	22. —
	Kotströnd	26. —	18. —	8. —	1. des.	6. —	27. —	21. —	23. —
B. Milli Prestsbakka og Breiðabólsstaðar	*Prestsbakki*	20. sept.	12. okt.	1. nóv.	23. nóv.	28. des.	20. jan.	14. febr.	15. marz
	Rofabær	21. —	13. —	2. —	24. —	29. —	21. —	15. —	16. —
1. Frá Prestsbakka.	Vík	22. —	14. —	3. —	25. —	30. —	22. —	16. —	17. —
	Holt	23. —	15. —	4. —	26. —	31. —	23. —	17. —	19. —
	Oddi	25. sept.	17. okt.	6. nóv.	29. nóv.	3. jan.	27. jan.	19. febr.	21. marz
	Holt	26. —	18. —	7. —	30. —	4. —	27. —	20. —	21. —
2 Frá Odda	Vík	27. —	19. —	8. —	1. des.	5. —	28. —	21. —	22. —
	Rofabær	28. —	20. —	9. —	2. —	6. —	30. —	22. —	23. —
A. Milli Prestsbakka og Bjarnaness.	*Prestsbakki*	1. okt.	22. okt.	11. nóv.	3. des.	8. jan.	1. febr.	1. marz	25. marz
	Sandfell	2. —	23. —	12. —	4. —	9. —	3. —	3. —	26. —
1. Frá Prestsbakka.	Kálfafellstaður	4. —	24. —	14. —	6. —	10. —	5. —	5. —	28. —
	Bjarnanes	8. okt.	28. okt.	16. nóv.	10. des.	14. jan.	8. febr.	8. marz	2. apr.
2. Frá Bjarnanesi.	Kálfafellstaður	9. —	29. —	17. —	11. —	15. —	10. —	10. —	4. —
	Sandfell	10. —	30. —	18. —	12. —	16. —	11. —	11. —	6. —
B. Milli Eskifjarðar og Bjarnaness	*Eskifjörður*	1. okt.	21. okt.	9. nóv.	2. des.	4. jan.	3. febr.	3. marz	25. marz
	Höfði	1. —	22. —	10. —	2. —	5. —	3. —	3. —	26. —
	Arnhallsstaðir	2. —	23. —	11. —	3. —	6. —	4. —	4. —	27. —
1. Frá Eskifirði	Höskuldsstaðir	3. —	24. —	12. —	4. —	7. —	5. —	5. —	28. —
	Djúpivogur	3. —	24. —	12. —	4. —	7. —	5. —	5. —	28. —
	Stafafell	4. —	25. —	13. —	5. —	8. —	6. —	6. —	29. —
	Bjarnanes	7. okt.	26. okt.	15. nóv.	7. des.	13. jan.	8. febr.	8. marz	1. apríl
	Stafafell	8. —	27. —	16. —	8. —	13. —	8. —	8. —	1. —
2. Frá Bjarnanesi	*Djúpivogur*	9. —	28. —	17. —	9. —	14. —	9. —	9. —	2. —
	Höskuldsstaðir	9. —	28. —	17. —	10. —	14. —	10. —	10. —	2. —
	Arnhallsstaðir	10. —	29. —	18. —	11. —	15. —	11. —	11. —	3. —
	Höfði	10. —	30. —	19. —	12. —	16. —	12. —	12. —	4. —

a, Burtfarardagar póstanna frá aðalpóststöðvunum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði og Prestsbakka eru fastákveðnir við þá daga, er nefndir eru í ferðaáætluninni, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kvöldið næst á undan. Við millistöðvar eru tilteknir þeir dagar, er póstarnir *mega* leggja á stað þaðan í *fyrsta* lagi, og ber að afgreiða póstinn þann dag, eða svo fljótt, sem unnt er, eptir þann dag.

b. Hvorugur aðalpóstanna, Eskifjarðarpóstur eða Seyðisfjarðarpóstur, má fara frá Höfða í Vallahreppi fyrri en þeir eru báðir komnir til þessarar póstafgreiðslu.

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSÝSLUPÓSTURINN, milli Reykjavíkur og Keflavíkur, leggur á stað frá Reykjavík daginn eptir komu aðalpóstanna að norðan og vestan, fer um *Hafnarfjörð* og *Kálfatjörn* til *Keflavíkur*, dvelur sólarhring þar, og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.
2. MÝRASÝSLUPÓSTURINN fer frá Arnarholti í Mýrasýslu, svo fljótt sem unnt er eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík, að *Borg* í Borgarhreppi, og snýr þaðan þegar aptur að Arnarholti.
3. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli Arnarholts og Stykkishólms, fer frá Arnarholti í hvert skipti strax eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík og kemur við á *Staðarhrauni* og *Rauðkollsstöðum;* snýr aptur frá Stykkishólmi eptir 12 tíma viðstöðu þar og fer sömu leið aptur til Arnarholts; kemur þangað áður en annarhvor aðalpóstanna leggur þaðan á stað til Reykjavíkur.

   Daginn eptir að póstur þessi er kominn frá Arnarholti að Rauðkollsstöðum, fer aukapóstur þaðan um *Staðastað* til *Ólafsvíkur*, og snýr þaðan strax aptur að Rauðkollsstöðum sömu leið.
4. FLATEYJARPÓSTURINN fer frá Stykkishólmi til *Flateyjar* strax eptir komu Stykkishólmspóstsins í 10., 12., 2. og 4. ferð, og snýr aptur til Stykkishólms eptir sólarhringsdvöl. 108
5. DALASÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
   a) Fer annar frá *Stað* í *Hrútafirði* þegar eptir að norðanpósturinn er kominn þangað frá Akureyri, um *Hjarðarholt* í Dölum og *Breiðabólstað* á Skógarströnd til *Stykkishólms*, og eptir sólarhringsdvöl þar, snýr hann aptur sömu leið að *Stað* í *Hrútafirði*.
   b) Hinn pósturinn fer frá *Hjarðarholti* í Dölum þegar eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, fer fram Fellsströnd um *Staðarfell* og Skarðsströnd að *Skarði* og þaðan alla leið að Mársskeldu; þaðan snýr hann þegar aptur sömu leið að Hjarðarholti í Dölum.
6. BARÐASTRANDARSÝSLUPÓSTURINN leggur á stað frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eptir að vestanpóstur er kominn þangað frá Reykjavík, fer um *Brjámslæk* og *Bíldudal* að *Vatneyri*, og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsbið um *Brjámslæk* að Bæ.
7. STRANDASÝSLUPÓSTURINN fer frá Stað í Hrútafirði daginn eptir komu norðanpóstsins frá Reykjavík, um *Borðeyri*, *Prestsbakka* og *Hrófberg* í Steingrímsfirði, Bjarnarfjarðarháls og Bala að *Kúvíkum* í Reykjarfirði, og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið.
8. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir og fara frá Ísafirði þegar eptir komu vestanpóstsins þangað. Fer annar um *Holt* í *Önundarfirði* að *Þingeyri* við *Dýrafjörð*, og snýr þaðan aptur eptir 12 tíma dvöl sömu leið til Ísafjarðar; þó má póstur þessi, eptir nánari ákvörðun póstafgreiðslumannsins á Ísafirði, þegar nægur tími er til, fara allt að Rafnseyri við Arnarfjörð. Hinn fer sjóleiðis frá Ísafirði til Snæfjalla, þaðan til *Staðar* í Grunnavík og þaðan aptur til *Hesteyrar* í Sljettuhreppi, og síðan sem fyrst unnt er, sömu leið aptur til Ísafjarðar.

9. HÚNAVATNSSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
   a) Fer annar frá *Sveinsstöðum* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík um *Blönduós* til *Skagastrandar* verzlunarstaðar, og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að Sveinsstöðum.
   b) Hinn fer frá Sveinsstöðum einnig eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, um *Vesturhópshóla* að *Tjörn* á Vatnsnesi og snýr aptur þaðan eptir 6 tíma dvöl sömu leið að Sveinsstöðum.
10. SIGLUFJARÐARPÓSTURINN leggur á stað frá Víðimýri daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað; fer um *Sauðárkrók, Hofsós* og *Haganes* til *Siglufjarðar*, og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl þar.
11. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá Akureyri daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, að *Tjörn* í Svarfaðardal, og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar.
12. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír. Einn þeirra fer frá Grenjaðarstað þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, kemur við á *Húsavík, Skinnastöðum* og *Presthólum* og mætir á *Raufarhöfn* öðrum þingeyjarsýslupóstinum. Sá póstur fer frá Vopnafirði sama dag og hinn pósturinn á að fara frá Grenjaðarstað og kemur við á *Sauðanesi* og *Svalbarði*. Þegar báðir þessir póstar eru komnir til Raufarhafnar, snúa þeir aptur sömu leið til Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar, og má Seyðisfjarðarpósturinn eigi fara frá Grenjaðarstað í leiðinni til Akureyrar fyr en annar þeirra er kominn aptur að Grenjaðarstað. Þriðji pósturinn fer frá Akureyri, þegar eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, austan Eyjafjarðar út í Höfðahverfi að *Grýtubakka*, og snýr þaðan aptur eptir 6 tíma dvöl til Akureyrar.
13. MÚLASÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
   a) Fer annar frá Höfða í Vallahreppi undir eins og aðalpóstarnir eru komnir báðir til þessarar póstafgreiðslu (Eskifjarðarpóstur frá Bjarnanesi og Seyðisfjarðarpóstur frá Grímsstöðum) um Hrafnabjörg til *Vopnafjarðar*, og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl.
   b) Hinn fer frá Eskifirði þegar eptir komu póstsins þangað frá Bjarnanesi um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í Stöðvarfirði, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð, ef veður leyfir.
14. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá Odda að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Odda. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á austanpóstinn áður en hann fer af stað til Reykjavíkur.
15. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eptir að austanpóstur er kominn þangað frá Reykjavík. Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum*, annar að *Arnarbæli* í *Grímsnesi*, og snúa þeir báðir þegar aptur að Hraungerði; hinn þriðji fer ofan á *Eyrarbakka* og snýr þaðan aptur morguninn eptir að Hraungerði.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavik 24. ágúst. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.